Æskulýðsnefnd hmf. Hrings
Dalvíkurbyggð
Ársskýrsla fyrir starfsárið 2016 – 2017



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Æskulýðsstarfið 3
Æskulýðsnefnd 2016 – 2017 4
Heiðursverðlaun 4
Jólabingó 4
Vídeó-kvöld 5
Reiðnámskeið 5
Leikjadagur 7
Menningarferð – kveðjupartý 7
Páskamót 8
Æskan og hesturinn 8
Stekkjarhúsferð 9
Reiðtúrar 10
Opinn dagur 11
Félagspeysur 11
Heimur hestsins 11
Reiðnámskeið Simba 12
Keppni á hestamótum 12
Að lokum 14

Æskulýðsstarfið



Það hefur verið einkar skemmtilegt að taka þátt og fylgjast með Æskulýðsstarfi Hrings undanfarið ár. Í Hringsholdi hafa áhugasöm börn og fullorðnir verið hvert sem litið er á námskeiðshelgum, bros og hlátur, spenna og gleði í lofti sem smitar þá sem vitni verða að.

Stjórn hmf. Hrings leggur áherslu á að öll börn sem áhuga hafa geti tekið þátt í námskeiðum félagsins. Því niðurgreiðir félagið námskeiðsgjöld all verulega og Christina Niewert, eða Tína reiðkennari eins og hún er alltaf kölluð, útvegaði hesta fyrir þau börn sem ekki höfðu aðgang að reiðhesti.

Eins og undanfarin ár lá starfið í dvala yfir haustmánuðina og hófst að nýju í lok nóvember á hinu árlega jólabingói. Það er þó vilji okkar nefndarmanna að dreyfa viðburðum betur en verið hefur yfir árið, í stað þess að reyna að komast yfir allt sem okkur langar að gera á vorönn. Til að mynda er tilvalið að heimsækja ræktendur og tamningamenn þegar hrossin eru í hausthaga, fara í bíóferð eða keilu; hrista hópinn saman, skemmta okkur og njóta samveru hvers annars og styrkja liðsheildina.

Æskulýðsnefnd 2016 – 2017

Dagbjört F. Ásgeirsdóttir, formaður
Ásdís Erla Gísladóttir
Bergljót V. Jónsdóttir
Christina Niewert
Hjörleifur Sveinbjörnsson
Ingunn Margrét Hallgrímsdóttir
Kristrún Hjálmarsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Ólöf Antonsdóttir

Heiðursverðlaun

Í þó nokkur ár höfum við veitt verðlaun þeim börnum sem þótt hafa skarað fram úr í hestamennsku sinni. Verðlaunin eru veitt að hausti fyrir undangengið ár.

Hvatningaverðlaun, haust 2016

Þessi verðlaun eru veitt þeim einstaklingi sem þótt hefur staðið sig vel í hestaíþróttinni og er t.a.m. farinn að spreyta sig á keppnisvellinum. Að þessu sinni hlaut Nikola Maria Anisiewicz (12 ára) Hvatningaverðlaun Æskulýðsnefndar.

Dugnaðarforkur, haust 2016

Þessi verðlaun eru veitt þeim einstaklingi sem þótt hefur sýnt dugnað og ósérhlýfni í hesthúsunum. Verið duglegur að mæta, moka og hyrða og hugsað vel um hestinn sinn. Að þessu sinni hlaut Þórey Steingrímsdóttir (10 ára) Dugnaðarforkinn frá Æskulýðsnefnd.

Jólabingó

Um mánaðarmótin nóvember - desember héldum við jólabingóið okkar vinsæla. Allir mættu með eitthvað gott á hlaðborðið og svo var spilað, enda margir góðir vinningar í boði. Það gladdi okkur að sjá að fólk sem vaxið er upp úr æskulýðsstarfinu og jafnvel hætt í hestamennsku, heldur áfram að sækja bingóið og fer jafnvel heim með sagbagga undir höndum. Og gaman er frá því að segja að þó félagssalur Hrings hafi verið tekinn í gegn og stækkaður fyrir ekki svo löngu, höldum við samt sem áður áfram að fylla salinn.

Vídeó-kvöld

Undir miðjan janúar héldum við okkar árlega vídeó-kvöld. Við hittumst í Hringsholti, ræddum um komandi námskeið og hvað krökkunum langaði að gera þetta árið og fengum okkur ljúffengar pizzur og gos. Síðan horfðum við á myndina *Racing Stribes*, sem ég er ekki viss um hvað kallast á íslensku. En það er tvímælalaust hægt að mæla með þessari mynd fyrir hestakrakka; hláturinn dundi og allir skemmtu sér vel – jafnt börn sem fullorðnir.

Reiðnámskeið

Námskeiðin hófust upp úr miðjum janúar og stóðu út maí. Kennt var aðra hverja helgi og einstaklingsbundin þjálfun þess á milli. Um kennsluna sáu þær Christina (Tína) Niewert og Anna Kristín Friðriksdóttir, en skipulag og umsjón var í höndum Tínu. Eins og fyrr þá var byrjað á því að þrífa og bera á hnakka og reiðtigi.

Að þessu sinni var sú nýjung að auk polla- og barnaflokks, var boðið upp á svo kallaða þemahópa fyrir þau börn sem komin eru nokkuð áleiðis í sinni reiðmennsku. Kakkarnir gátu valið sér tvo hópa eða tvisvar sinnum sama hópinn. Þetta nýja skipulag mældist mjög vel fyrir og voru krakkarnir afar áhugasamir. Það er þó svo að Hringur er lítið félag og barnahópurinn því ekki stór. Það fór því svo að ekkert varð úr hindrunarstökkinu né þrautabrautar hópunum, en ungir hestar og þjálfun var þeim mun vinsælla.



Pollaflokkur

Kennt var í ½ klst í senn, tvö börn í hverjum hópi. Börnin komu hestlaus og útvegaði Tína hross.
Áhersla:

Kemba
Leggja á
Sætisæfingar
Teyma
Farið í leiki



Barnaflokkur

Kennt var u.þ.b. 45mín. Börnin komu með eigin hest.
Áhersla:

Grunnþekking, eins og
Jafnvægi
Stjórn
Eðli hestsins
Farið í skemmtilega leiki til að þjálfa færni; sætisæfingar, ríða berbak, þrautabraut o.s.frv.

Þrautabraut létt

Grunnæfingar (sumir vinna í hendi til að byrja með) eins og:

Ganga fyrir plast
Upp á kassa
Ríða L,
Nota stóran bolta, fána o.fl.
Kynna hestinum nýjar æfingar
Vinna í hendi – staðsetning knapans
Öryggi á baki – hvaða æfing gerir hvað fyrir knapa og hest?

Þrautabraut erfiðari

Æfingar að mestu riðnar

Upp á kassa
Plasthengi, plast á golfi, draga hluti og fleira
L riðið aftur á bak
Krossgangur yfir stöng
Beislislausar æfingar
Vinna með hestinn í hendi – án taums – líkamstjáning knapans, hvernig á að byrja?

Hindrunastökk:
Hálflétt- og létt áseta
Brokkspyrnuæfingar
Stökkæfingar
Stökkva yfir hindranir

Þjálfun reiðhestsins
Gangþjálfun, mýkt, slökun, hreinar gangtegundir
Teyma hestinn og teyma á hesti
Skipulag þjálfunar

Gangþjálfun með keppni í huga
Uppbygging þjálfunar
Mýkt og jafnvægi á öllum gangtegundum
Hjálpartæki (t.d. auka-taumar, hlífar o.þ.h.)
Knapinn; jafnvægi, samspil

Ungir hestar
Hvað þarf að hafa í huga?
Stjórn og stefna
Gangtegundir
Fyrstu útreiðatúrarnir
Leysa fyrstu vandamálin

Leikjadagur

Leikjadagur var skipulagður þann 25. febrúar þar sem börnum og fjölskyldum þeirra var boðið að loknu laugardags-morgunkaffi í allskonar leiki og skemmtilegheit í reiðgerðinu okkar. Því miður þurftum við að hætta við þennan viðburð þar sem á sama tíma var keppt í Æskulýðsmótaröð Léttis (sem sett var á með stuttum fyrirvara) og þó nokkrir Hringskrakkar sóttu það mót. Erfitt reyndist síðan að finna aðra dagsetningu fyrir leikjadaginn okkar, þar sem helgar á þessum árstíma eru þétt setnar og mikið í gangi í hestamennskunni hér sem annars staðar. Á næsta ári munum við reyna að finna betri tímasetningu; e.t.v. hentar vorið betur.

Menningarferð – kveðjupartý

Í mars buðum við krökkunum okkar í menningarferð inn á Akureyri. Við byrjuðum á því að fara í reiðhöllina þar sem við horfðum á keppni í 5 gangi hjá unglingum og ungmennum og vildi svo til að nokkrir knapar frá okkur voru einmitt að keppa. Þeir sem áhuga höfðu kíktu einnig í hesthúsaheimsókn og svo fórum við öll í Keiluhöllina, fengum okkur pizzu og spiluðum keilu. Á bakaleiðinni var svo komið við á Björgum í Hörgárdal og hesthús og hestar skoðaðir.

Köldið áður höfðum við slegið upp kveðju partýi fyrir eina 13 ára stúlku úr okkar röðum sem var að flytja búferlum til Pólands. Þeir sem vildu komu með dýnu, svefnpoka og náttfötin sín og svo áttum við yndislegt kvöld saman, sváfum í félagssalnum og mættum svo beint í reiðtíma eftir að fá okkur morgunverð. Þetta var virkilega skemmtilegt og gæti vel hugsast að gisti-partý verði fastur liður hjá okkur.

Páskamót

Okkar árlega Páskamót var haldið að venju á Skírdag. Mjög góð þátttaka var í ár og glöddumst við sérstaklega að sjá ungmennin okkar taka þátt og skemmta sér með okkur. Þó svo reiðhöllin okkar sé ekki stór og glæsileg er heimamót sem þetta börnunum afar mikilvægt. Þarna fá þau tækifæri til að æfa sig og stíga sín allra fyrstu skref í keppni; læra keppnis reglurnar, efla sjálfsöryggi sitt og þjálfa hestinn sinn.



Æskan og hesturinn

Hátíðin Æskan og hesturinn var haldin að Svaðastöðum í Skagafirði í vor. Í tilefni þess að einn af okkar ungu knöpum, Bjarki Fannar Brynjuson, hafði nýlega verið valinn Bjartasta vonin 2017 (sjá nánar hér fyrir neðan) reið hann nokkra heiðurshringi í upphafi hátíðarinnar.



Að þessu sinni fórum í Hring með eitt atriði sem börn á aldrinum 4ra til 18 ára tóku þátt í; *Bakkabræður fyrr og nú*. Sögð var saga þeirra Bakkabræðra og hvernig afkomendur þessara miklu hestamanna hafa dreifst um landið þvert og endilangt og jafnvel til annarra landa; enda er það alkunna að allir okka mestu og bestu knapar eiga ættir sínar að rekja til þeirra bræðra.

Atriðið tókst með eindæmum vel og auk þess að sýna reiðlistir sínar sungu börnin, spiluðu á harmonikku og tví- jafnvel þrímenntu á reiðhestum sínum. Þegar haldið var heim á leið mátti heyra spurningar eins og: „Förum við aftur á morgun?“

Stekkjarhúsferð



Fjölskylduferðin okkar í Stekkjarhús í botni Skíðadals var afar vel heppnum þetta árið. Fórum við á þremur dögum ríðandi fram Svarfaðardalinn og svo Skíðadalinn og alla leið í Stekkjarhús. Á laugardagskvöldinu var grillað, tekið í spil og farið í leiki. Fjölmargir foreldrar komu með, enda er þessi ferð orðin fastur liður hjá mörgum fjölskyldum. Svefnloftið var þéttsetið eða „-legið“ og sváfu að auki nokkrir í matsalnum.



Því miður hittist þannig á að á sömu helgi og farið var í Stekkjarhús, var slegið til (með afar litlum fyrirvara) barna- og unglingamótsins Fákaflugs á Hólum í Hjaltadal. Við brugðum á það ráð að gera könnun meðal okkar fólks og var

nánast einróma álit allra að halda okkar striki og fara í Stekkjarhús í stað Hóla. Við vonum hins vegar og munum gera okkar besta á næstkomandi ári til að þessir eða aðrir viðburðir stangist ekki á.

Reiðtúrar

Eftir að veður fór batnandi og námskeiðum lauk buðum við upp á nokkra hópreiðtúra.

Sundferð

Í maí riðum við saman í Sundskála Svarfdæla við Húsabakka Hrossin voru sett í hólf og svo fóru allir saman í sund áður en riðið var til baka. Þetta er tiltölulega stutt og auðveld leið og því tilvalin fyrir pollana okkar og þau sem enn eru óörugg við að ríða úti. Þessi ferð gekk einstaklega vel; allir voru glaðir og öruggir og sjálfstraust ungu knapanna okkar jókst til muna.

Fjöruferð

Í byrjun júlí buðum við unglingum og ungmennum í reiðtúr austur á Sand, eins og það er kallað. Reiðtúrinn var einstaklega skemmtilegur og þó hvasst hafi verið á sandinum vorum við mjög heppin með veður. Að vanda komum við við í Olís og fengu bæði tví- og fjórfætlingar sér smá næringu áður en heim var haldið.



Kofaferð

Í september gerðum við tvær tilraunir til að bjóða unglingunum okkar í reiðtúr upp að Kofa sem stendur í botni Böggvisdalar (dalverpi í fjallinu fyrir ofan Dalvík). Ekki náðist þátttaka í þennan reiðtúr og e.t.v. er það vegna þess að framhaldsskólarnir voru byrjaðir. Ekki er heldur auðvelt að finna tímasetningu fyrir svona ferð á þessum árstíma, þar sem miklar annir eru í fjár- og stóðhestagöngum hér á svæðinu og í kring. Við vildum samt sem áður láta reyna á þátttöku í reiðtúrinn þar sem vilji okkar, líkt og áður hefur komið fram, er að dreifa viðburðum betur yfir árið og blása lífi í starfið að hausti. Reiðleiðin upp að Kofa er mjög skemmtileg en um leið afar krefjandi. Hugsun okkar er að bjóða eldri krökkunum sem ráða mjög vel við hesta sína upp á krefjandi reiðleið sem reynir virkilega á þau sem reiðmenn og þar með að auka breidd okkar í starfinu.

Opinn dagur

Þann 13. maí stóð Æskulýðsnefnd fyrir opnum degi í Hringsholti. Bæjarbúum, gestum og gangandi var boðið að koma í Hringsholt, kíkja inn í ákveðin hesthús, kemba og klappa hestum, fylgjast með reiðkennslu, skoða hestabækur, púsl og lita hestamyndir, spjalla og njóta sín. Hugsunin á bak við þennan dag er að opna leið og bjóða velkomna þá einstaklinga sem langar að koma í hesthúsin en þekkja ekki til og vantar e.t.v. tilefni og ástæðu til að koma. Þátttakan var heldur dræm og hefðum við eftir á að hyggja þurft að kynna daginn enn betur. Næsta vor munu því fulltrúar úr nefndinni fá leyfi til að fara í heimsóknir inn í bekki grunnskóla bæjarins og kynna þennan dag fyrir nemendum og heimsækja einnig leikskóla.

Félagspeysur

Þar sem nokkur ár eru liðin frá því Hringur stóð síðast fyrir kaupum á félagsjökkum og –peysum og börnin hafa stækkað og mörg ný komið inn í starfið, höfðum við í Æskulýðsnefndinni frumkvæði að því að pantaðar yrðu peysur merkar félaginu. Pantaðar voru skemmtilegar peysur frá 66°N, bæði fyrir börn og fullorðna. Barnapeysurnar voru og eru seldar verulega niðurgreiddar af félaginu og fullorðins peysurnar á kostnaðarverði. Að eiga félagspeysur er enn einn liðurinn í að skapa góða liðsheild og gaman er að sjá hversu stolt og glöð það gerir börnin okkar.



Heimur hestsins

Ákveðið var að gefa öllum 6 ára börnum bókina *Heimur hestsins – fróðleiksrit fyrir forvitna krakka*, eftir Frederike Laustroer. Árið 2016 fengu öll 10 ára börn bókina gefins frá LH. Bókin er mjög skemmtileg og börnin hreinlega drekka fróðleik hennar í sig. Okkur fannst bókin eiga erindi til yngri barna og vildum að þau fengju tækifæri til að vaxa með bókinni, ef svo má segja. Gáfum við því öllum börnum á aldrinum 6 - 10 ára aldri bókina, þ.e. þeim sem ekki fengu hana í fyrra, en eftirleiðis er ætlunin að gefa hana þeim sem verða 6 ára á árinu.

Reiðnámskeið Simba

Sumarið 2017 sá Sveinbjörn (Simbi) Hjörleifsson um reiðnámskeið fyrir börn eins og mörg fyrri ár. Þó námskeiðin hans Simba séu ekki formlega inn í æskulýðsstarfi Hrings, þykir mér tilefni til að minnast á þau hér.



Mikil aðsókn er að komast á reiðnámskeiðin hjá ungu kynslóðinni og mælast námskeiðin vel fyrir. Mörg börn njóta leiðsagnar hans á hverju ári og er þolinmæði hans og dugnaður er ávalt til fyrirmyndar og eftirbreytni. Margur hér á Dalvík hefur stigið sín fyrstu skref á námskeiðum hjá Simba og gengið upp frá því í hestamannafélagið og er það þróun sem við höldum áfram að sjá.

Keppni á hestamótum

Mörg af okkar börnum, unglingum og ungmennum tóku þátt í mótum vítt og breytt um landið þetta árið. Alltaf eru nokkrir sem eru duglegastir að keppa og skara fram úr í sinni íþrótt. Hér kemur smá upptalning af árangri þeirra, hafa ber í huga að listinn er ekki tæmandi, en það helsta talið til.



Bjarki Fannar Brynjuson (f. 1999)

Á Norðlensku hestaveislunni sem haldin var á Akureyri í apríl varð Bjarki Fannar þess heiðurs njótandi að vera kosinn Bjartasta vonin 2017. Bjarki Fannar er góð fyrirmynd yngri knöpum okkar; harðduglegur hestamaður, góður reiðmaður og prúðmannlegur á velli. Þrátt fyrir ungan aldur starfar Bjarki Fannar við tamningar líkt og undanfarin ár og er þegar farinn að sýna kynbótarhross, en hann sýndi nú í sumar Mættu frá Bæ á Miðsumarsýningu á Hólum í Hjaltadal. Helsti árangur Bjarka Fannars á keppnisvellinum í ár er eftirfarandi:

Íslandsmót yngri flokka
Ungmennaflokkur; 2. sæti í B-úrslitum, 6.29 á Júdit frá Fornhaga.

Skagfirska mótaröðin
5gangur; 1. sæti í A-úrslitum, 5,60 á Júdit frá Fornhaga.

Fákaflug
A-flokkur; 7. sæti í A-úrslitum, 8,36 á Snædísi frá Dalvík.
A-flokkur; 1. sæti í B-úrslitum, 8,46 á Snædísi frá Dalvík.

Hólamótið
Fimmgangur f1; 3. sæti í A-úrslitum, 5,43 á Dögun frá Árhóli.

Urður Birta Helgadóttir (f. 2003)
Urður Birta hefur verið einstalega dugleg að sækja mót þetta árið, enda afar áhugasamur og þróttmikill knapi sem á framtíðina fyrir sér. Helsti árangur Urðar Birtu á keppnisvellinum í ár er eftirfarandi:

Fákaflug
8.-9. sæti á Glað frá Grund

Punktamótið á Akureyri
2. sæti á Glað frá Grund

Gæðingamót Léttis
3. sæti á Glað frá Grund

Gæðingamót Hrings
1. sæti á Glað frá Grund

Stórmót Hrings
Fjórgangur; 3. sæti í úrslitum á Glað frá Grund
Tölt; 5. sæti á Glað frá Grund
9. sæti á Blævari frá Dalvík

Firmakeppni Hrings
3. sæti á Grána frá Skáldalæk

Æskumótaröð Léttis
5gangur; 5. sæti á Mjölni frá Njálsgerði
Skeið; 4. sæti á Blævari frá Dalví

Að lokum

Reynsla okkar á síðustu árum er að þegar líður á grunnskólagönguna hætta drengir frekar en stúlkur að stunda hestamennsku og sækja sér reiðnámskeið. Það er okkar vilji að gera það sem við getum til að efla áhuga drengjanna og bjóða upp á verkefni sem höfða betur til þeirra. Með það í huga munum við á næstkomandi vetri bjóða t.d. upp á hópa á reiðnámskeiðunum í bogfimi á hestum, athuga aftur með þátttöku í hindrunarstökki og tvímælalaust bjóða aftur upp á unga hesta og e.t.v. skeiðnámskeið. Einnig er mikill áhugi á að halda *Trec* námskeið og er félagið að athuga með heppilegt svæði í nágrenni Hringsholts fyrir slíka braut. Slíkt svæði myndi ekki einungis koma börnunum okkar til góða, heldur auka fjölbreytni hestamennskunnar fyrir alla félagsmenn okkar.

Hestamannafélagið Hringur er fámennt félag enda í litlu samfélagi og oft langar okkur að gera og bjóða upp á svo miklu meira en okkar fámenni barnahópur kemst yfir. Áhuginn og krafturinn er mikill hjá félagsmönnum og hvert sem leitað er mæta fulltrúar Æskulýðsnefndar velvildar og hjálpsemi, hvort sem um er að ræða vegna mótahalds, vöfflubaksturs eða dómaragæslu. Félagsmenn allir sem einn styðja æskulýðsstarfið, enda gera þeir sér grein fyrir að æskan er framtíð félagsins.



Viljum við sérstaklega þakka eftirfarandi aðilum fyrir að vera okkur innan handar þegar á þarf að halda: Víkingur Daníelsson fyrir vöfflubakstur, Lilja Reynisdóttir formaður Hrings fyrir hennar ævarandi þula-hlutverk, Stefán Friðgeirsson og Þorsteinn (Doddi) Hólm fyrir dómara störf, Svavar (Svabbi skeiðkappi) Hreiðarsson fyrir dómarastörf sem og óteljandi ferðir um Svarfaðardalinn með gömul og þæg hross fyrir börnin okkar, Anton V. (Villi) Hallgrímsson og allir hinir í reiðgerðis nefndinni okkar fyrir undirbúning á reiðgerðinu fyrir námskeið og mót og síðast en ekki síst Sveinbjörn (Simbi) Hjörleifsson fyrir endalausa þolinmæði og lán á hestum sínum til barnanna okkar.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar Hrings,
Dagbjört F. Ásgeirsdóttir, formaður.
Dalvík, 12. október 2017.